

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Kirkjubraut 4-6.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 24. mars 2026 breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Kirkjubrautar 4-6, 6A og Suðurgötu 67 þannig að heimilt verði að reka gistiheimili á jarðhæð hússins (12 herbergi í flokki II) með aðkomu frá Suðurgötu, ásamt atvinnurými við Kirkjubraut. Lóðarmörk milli Kirkjubrautar 4-6 og Suðurgötu 67 færast um 4 m, gluggum verði komið fyrir að lóðarmörkum Suðurgötu 67 og sorpaðstaða verði sameiginleg með lóð Kirkjubrautar 6A.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 1. apríl 2026.

F.h. Akraneskaupstaðar

Sigurður Páll Harðarsson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2026